



Verkskil fyrir vinnu í gagnagrunni OS árið
2001

Sigvaldi Thordarson

Greinargerð SThor-2002-01

Verkskil fyrir vinnu í gagnagrunni OS árið 2001

Áhersluatriði fyrir árið 2001

Samkvæmt sérsamningi milli ALD og ROS (Tölvugagnagrunnur OS, vnr. 3-580-510, dagsettur 27. júní 2001) var lögð áhersla á eftirtalin verkefni fyrir árið 2001:

- Staðsetja sýnatökustaði fyrir kalt vatn – framhald frá fyrra ári
- Borholujarðfræði
- TEM viðnámsmæligögn
- Sameiginleg staðartafla fyrir OS
- Yfirlit um gagnasafn OS
- Önnur verk

Gagnagrunnsnefndin gerði einnig ráð fyrir að haldið yrði áfram vinnu við að koma hnitum borholna inn í gagnagrunninn, en sú vinna myndi unnin hjá OMS að mestu.

Samningurinn gildir til loka apríl 2002, þ.a. hér er ekki um fullnaðaruppgjör að ræða. Hins vegar hefur tekist að vinna töluvert í tveimur af þeim verkum sem áhersla var lögð á, þ.e. TEM og sýnatökustaðir, og er því megnið af áætlaðri vinnu skv. samningnum þegar lokið.

Vinna árið 2001

Í verknúmerakerfi ROS eru eftirfarandi númer notuð til að sinna þeim verkum sem unnin eru vegna samnings ALD og ROS um tölvugagnagrunn OS:

- 8-580-500 → Umsjón með gagnasafni ROS
- 8-580-501 → Vinna við gagnasafn FFR
- 8-580-502 → Vinna við gagnasafn JEF (sýnatökustaðir)
- 8-580-503 → Vinna við gagnasafn JEL
- 8-580-504 → Vinna við jarðfræðikort
- 8-580-505 → Vinna við borholujarðfræði
- 8-580-506 → Endurnýjun og lagfæringar (staðsetningar, hnit)

Hér á eftir verður farið í gegnum þá vinnu sem unnin var innan hvers verknúmers árið 2001. Allar upphæðir sem hér koma fram eru án virðisaukaskatts.

8-580-500

Hér er aðallega um fundasetu, skipulagningu, eftirlit, ýmsa vinnu sem lýtur að gagnagrunni ROS almennt að ræða, auk þess sem reynt var að fylgjast með nýjungum hjá Oracle með því að fara á kynningar og ráðstefnur hjá Teymi.

Vinna á þessu verknúmeri var á árinu 2001 sem hér segir:

172 klst.	928.249.- kr.
-----------	---------------

8-580-501

Á þetta verknúmer var færð öll vinna sem tengdist gagnasafni forðafræðideildar. Hér er aðallega um að ræða yfirferð á gögnum, innslátt á mælingum þar sem verkkaupi er óljós, auk þess sem byrjað var að skipuleggja nauðsynlegar breytingar á gagnasafninu.

Vinna á þessu verknúmeri var á árinu 2001 sem hér segir:

56,2 klst.	303.336.- kr.
------------	---------------

8-580-502

Eins og áhersla lá til, var haldið áfram að staðsetja sýnatökustaði á árinu 2001, en það var útvíkkað á þann hátt að nú tekur það ekki eingöngu til sýna af köldu vatni, heldur til allra sýna þar sem staðsetningu vantar. Steinunn Hauksdóttir hefur haft umsjón með þessu verki. Hún skilaði minnisblaði af sér í lok október sem lýsir stöðu mála og verklagi í þessu verki.

Að auki var farið út í umfangsmikla breytingu á þeim töflum sem notaðar eru til að geyma niðurstöður efnagreininga, og var það gert í samráði við VM til að tryggja að þeir gætu einnig nýtt sér þessar niðurstöður án þess að þurfa að byggja upp sinn eigin gagnagrunn á þessu sviði.

Vinna á þessu verknúmeri var á árinu 2001 sem hér segir:

743,5 klst.	3.541.910.- kr.
-------------	-----------------

8-580-503

Hér er skráð vinna við gagnasafn jarðeðlisfræðideildar, en þar fór af stað vinna við að koma upplýsingum um, og niðurstöðum úr, viðnámsmælingum sem gerðar hafa verið á OS. Ákveðið var að byrja á TEM-mælingum og var safnað upplýsingum um allar þær mælingar og er nú tilbúinn listi yfir þær, auk þess sem skel sem safnar gögnum frá hverri mælingu er tilbúin. Sú skel þarfnast einhverrar aðlögunar til að þeim upplýsingum sé hægt að hlaða beint inn í Oracle gagnagrunninn, en búið er að útbúa töflur fyrir gögnin. Að auki þarf að búa til form til að hægt sé að skoða/uppfæra þær upplýsingar sem þarna er safnað, en gert er ráð fyrir að þessi vinna verði kláruð fyrir apríllok.

Vinna á þessu verknúmeri var á árinu 2001 sem hér segir:

912,9 klst.	3.556.510.- kr.
-------------	-----------------

8-580-504

Hér var ekki um neitt skipulagt verkefni að ræða, en Kristján Sæmundsson var beðinn um að fara aðeins í gegnum ýmis gögn (kort o.þ.h.) sem hann geymir og þarf að auka aðgengi að.

36 klst.	214.095.- kr.
----------	---------------

8-580-505

Lítill vinna hefur verið í þessu verki, einungis nokkrir tímar sem notaðir voru í að reyna að koma upplýsingum um tiltækar LIT-skrár (svarfgreiningar) í töflu.

Vinna á þessu verknúmeri var á árinu 2001 sem hér segir:

21 klst.	108.337.- kr.
----------	---------------

8-580-506

Hér hafa örfáir tímar verið skrifaðir vegna frágangs hnita o.þ.h.

Vinna á þessu verknúmeri var á árinu 2001 sem hér segir:

9 klst.	48.418.- kr.
---------	--------------

Samantekt og framhald verksins

Í ofangreindum verkum hefur því vinna á árinu 2001 verið:

1.951 klst.	8.700.855.- kr.
-------------	-----------------

Samkvæmt samningnum milli ALD og ROS var 9.800.000.- kr. ætlað í gagnagrunnsverk ársins 2001 og fram til aprílloka 2002, þ.a. um 1.100.000.- kr. eru eftir af þeirri fjárveitingu. Gert er ráð fyrir að sú fjárhæð fari í að ljúka við þátt jarðeðlisfræði í samningnum, lagfæra töflur og aðgengi mæligagna forðafræðideildar. Auk þess þarf að taka saman yfirlit um þau gögn sem þegar eru geymd í gagnagrunni ROS, ásamt áætlun um það hvaða gögn eiga að fara þar inn og hvað það muni kosta. Fyrst ber þar að nefna gögn úr borholujarðfræði, sem reyndar átti að byrja á á árinu 2001, en vegna aðstæðna var ákveðið að leggja frekar áherslu á að ná lengra með hin verkefni ársins. Nú rofar hins vegar til hvað borholujarðfræðina varðar, en vonandi tekst að búa til mastersverkefni fyrir einn starfsmanna ROS, og þannig tryggja að því verki verði gerð viðunandi skil. Það myndi þá taka um 2 ár og vonandi fengist góð lausn og hugsanlega ódýrari á því máli, þar sem hugsanlega má finna styrki fyrir slíkt verkefni. Það er þó ljóst af umfangi þess verks að það verður aldrei ódýrt að koma því í höfn.

Gert er ráð fyrir að frumtillaga að því hvernig koma eigi gagnagrunnstækum gögnum OS í gagnagrunninn og hvernig auka eigi aðgengi hans, verði tilbúin í lok apríl 2002. Í henni yrði yfirlit um hvaða gögn menn vilja sjá þarna inni, hvernig aðgengi þeirra yrði háttað, og hvenær gert sé ráð fyrir að þessari vinnu ljúki

Sigvaldi Thordarson